

**3587. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 25. febrúar 2025 og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2501063 - Líkamsrækt á Jaðarsbökkum**

Tilboðsgögn lögð fram - líkamsrækt í Bragganum.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfiráðs og Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Skipulags- og umhverfiráð samþykkti drögin á fundi sínum þann 18. febrúar 2025 og vísað til bæjarráðs til ákvörðunar.

Skóla- og frístundaráð samþykkti drögin á fundi sínum þann 19. febrúar 2025 og vísaði til bæjarráðs til ákvörðunar.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboðsgögn og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.*

Samþykkt 3:0

*Bæjarráð leggur áherslu á að tilboðsgögnin og væntanlegt fyrirkomulag breyta í engu fyrirbyggjandi áformum samkvæmt samþykktri fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun, svo sem byggingu nýrrar innisundlaugar. Mikilvægt er í ljósi þess að starfsemi Braggans færist í nýtt íþróttahús á komandi hausti, að Bragginn fái í framhaldinu tímabundið nýtt hlutverk.*

*Sigurður Páll Harðarson og Arnór Már Guðmundsson víkja af fundi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.**

Líf Lárusdóttir

Valgarður L. Jónsson

Ragnar Sæmundsson

Haraldur Benediktsson  
Steinar Adolfsson